

Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
Hr. Ólafur Grétar Kristjánsson, formaður.
Menntamálaráðuneytinu
150 Reykjavík

Efni: Álit laganefndar vegna erindis FHSS varðandi sérstök kjaramál starfsmanna utanríkisráðuneytisins.

I.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 26. janúar 2006, þar sem Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) óskar eftir að Laganefnd BHM veiti álit sitt á ýmsum kjara- og hagsmunamálum flutningsskyldra starfsmanna utanríkisráðuneytisins.

II.

Gögn málsins:

Bréfi yðar fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl í afriti:

1. Lögfræðiálit, dags. 12. desember 2005, unnið af starfsmönnum utanríkisráðuneytisins varðandi samningsrétt og heimildir og umboð Kjararáðs starfsmanna utanríkisráðuneytisins.
2. Tölvupóstur frá Gísla Tryggvasyni fyrrv. Framkvæmdastjóra BHM, dags. 21. júlí 2005, þar sem hann fjallar m.a. um samningsrétt vegna staðaruppþóta.
3. Bréf frá FHSS til utanríkisráðuneytisins dags. 29. nóvember 2004, þar sem óskað er skýringa á nokkrum atriðum varðandi launamál starfsmanna.
4. Svar ráðuneytisins, dags. 8. mars 2005, við bréfið FHSS
5. Bréf Kjararáðs til ráðuneytisins þar sem tilkynnt var um stofnun ráðsins, dags. 9. nóvember 2005.
6. Bréf Kjararáðs til utanríkisráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2005, þar sem erindi frá 9. nóvember var ítrekað.
7. Sameiginleg bréf stjórna FHSS og FSS til utanríkisráðuneytisins, dags. 15. desember 2005.
8. Tölvupóstur frá rekstrarstjóra utanríkisráðuneytisins, dags. 5. desember 2005, þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hafi ákveðið að breyta staðaruppþótarkerfi flutningsskyldra starfsmanna ráðuneytisins.
9. Ákvæði 5.3.2. úr fyrirmæla- og leiðbeiningarþók utanríkisráðuneytisins, varðandi staðaruppþætur, kjarna og sérgreiðslur.

Önnur gögn í málinu:

10. Bréf Kjararáðs til ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, dags. 28. febrúar 2006, með beiðni þess efnis að framtalsskylda staðaruppbóta, verði eftirleiðis ekki látin hafa áhrif á greiðslu barna- og vaxtabóta starfsmanna.
11. Lögfræðialit, dags. 10. mars 2006, varðandi heimild utanríkisráðuneytisins til þess að greiða starfsmönnum ekki fyrir yfirvinnu á starfsstöðum erlendis.
12. Drög að breytingum á fyrirmæla og leiðbeiningarbók, janúar 2006.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Í bréfi FHSS, dags. 19. janúar sl. til laganefndar BHM kemur fram að óánægja hafi ríkt meðal starfsmanna utanríkisráðuneytisins um stöðu launa- og kjaramála í ráðuneytinu. Óánægjan er bæði tilkomin vegna launa svo og vegna ákvarðanatöku og vinnuferlis ráðuneytisins við breytingar á launum, staðaruppbótum og kjaratengdum atriðum. Fram kemur að eins og staðan er í dag, sé starfsmönnum eða fulltrúum þeirra ekki tryggð þátttaka í slíkum ákvörðunum, hvorki í formi samráðs, samvinnu, atkvæðagreiðslu eða á annan hátt. Þá kemur fram að ráðuneytið líti ekki á nýstofnað Kjararáð sem vettvang samninga við starfsmenn um kjaratengd atriði.

Í bréfinu er rakið að ráðuneytið líti svo á að starfsmenn hafi ekki samningsrétt um launa- og kjaraatriði sín sem sérstök eru fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins. Starfsmenn ráðuneytisins telji hins vegar að slíkur samningsréttur sé til staðar. Þeir telji einnig að hið nýstofnaða Kjararáð eigi að vera fulltrúi starfsmannanna og fara með samningsrétt gagnvart ráðuneytinu, ef slíkur réttur er til staðar og kemur fram að stjórnir FHSS og FSS hafi báðar lýst yfir stuðningi við þá skoðun.

Í ofangreindu bréf er álits laganefndar óskað á eftirfarandi álitaeftum og svara óskað við eftirfarandi tilgreindum spurningum:

1. **Ákvæði 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár:** Í 13. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands er kveðið á um að staðaruppbætur skuli *“ákveðnar samkvæmt reglum er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd”* Önnur ákvæði um sérstök launakjör starfsmanna utanríkisráðuneytisins og ákvörðun þeirra er ekki að finna í lögum eða reglugerðum. Vakin er athygli á því að í ofangreindu lagaákvæði er hvergi gert ráð fyrir samráði við launþegana sjálfa eða fulltrúa þeirra, eða samningsrétt þeirra. Í 2. mgr. 75. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 eins og þeirri grein var breytt 1995, segir hins vegar: *“Lög skulu kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.”*

Spurning: Telur laganefnd BHM að ofangreind 13. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands sé í samræmi við þá kröfu sem 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár Íslands setur um að lög skuli kveða á um *“rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.”*

2. **Samningsréttur varðandi staðaruppbætur;** Staðaruppbætur útsendra starfsmanna utanríkisráðuneytisins eru tilgreindar í áðurgreindri 13. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands Þær mynda umtalsverðan hluta nettótekna útsendra starfsmanna utanríkisráðuneytisins en um þær er ekki samið í almennum kjarasamningum og engir fulltrúar starfsmanna koma að ákvörðun þeirra.

Lýsingu á því hvað staðaruppbætur fela í sér er að finna í áðurgreindri 13. gr. því þar segir að staðaruppbætur skuli "...miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o.fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað..." Í greininni er þannig gert ráð fyrir að um sé að ræða greiðslu á kostnaði vegna dvalar erlendis og m.a. á þeim grunni hafa staðaruppbætur ekki verið skattlagðar. En samkvæmt nánari lýsingu í gr. 5.3.2. í Fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisráðuneytisins á því sem staðaruppþót felur í sér virðist staðaruppþóttin fela í sér fleiri atriði en einungis kostnaðarþætti. Staðaruppþóttarnar eiga þannig m.a. að bæta alls kyns óhagræði sem af flutningskyldu starfsmanna utanríkisráðuneytisins leiðir, t.d. frama- og tekjumissi maka, sem fylgir flutningsskyldum starfsmanni utanríkisþjónustunnar til starfa erlendis, missi sumarvinnu unglunga, kvaðir um móttöku gesta erlendis, dýrari samskipti við ættingja, hugsanlega aukinn kostnað við að koma sér upp húsnæði á Íslandi o.fl. (sjá nánar fylgiskjal með lið 5.3.2. úr Fyrirmæla- og leiðbeiningabókinni). Þessu til viðbótar felst í þeim kjörum, sem útsendum starfsmönnum er búin á póstum, að hluti kjarasamningsbundinna réttinda hafa verið felld niður samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins. Þar ber hæst að ekki er greitt fyrir yfirvinnu á póstum erlendis (sbr. lið 6 hér að aftan.)

Spurning: Telur laganefnd BHM að staðaruppbætur séu þess eðlis að um þær eigi að gilda samningsréttur starfsmanna utanríkisráðuneytisins?

3. **Kjaraatriði í Fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisráðuneytisins:** Til viðbótar við ýmis rekstrar- og stjórnunartengd atriði sem er að finna í Fyrirmæla- og leiðbeiningarbók utanríkisráðuneytisins er þar að finna ýmis kjaraatriði eða kjaratengd atriði, t.d. varðandi búferlabætur, skólagjöld og leikskólakostnað vegna barna, endurgreiðslu kostnaðar o.fl.. Samning Fyrirmæla- og leiðbeiningabókarinnar og allar breytingar hennar fóru/fara fram án aðkomu starfsmanna eða fulltrúa þeirra.

Spurning: Telur laganefnd BHM að starfsmenn hafi samningsrétt um kjaraatriði eða kjaratengd atriði í Fyrirmæla- og leiðbeiningabók ráðuneytisins?

Svar við spurningum 1, 2 og 3.

Eins og hjá öðrum starfsmönnum stjórnarráðsins er að því er varðar launakjör og starfsréttindi starfsmanna utanríkisþjónustunnar í gildi kjarasamningur sem fulltrúar starfsmanna koma að í samningum við ríkið. Launakjör starfsmanna, sem byggja á kjarasamningi og eftir atvikum stofnannsamningum, eru skattskyld samkvæmt ákvæðum skattalaga sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Frá slíkum skattskyldum tekjum, sem ekki eru tengdar

atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimill sá frádráttur sem getið er um í 30. gr. laga nr. 90/2003.

Eins og bent er á hér að framan kemur fram í 13. gr. laga nr. 39/1971 að staðaruppbætur skuli "...miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o.fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað..."

Í athugasemdum við lagafrumvarp það sem varð að lögum nr. 39/1971 segir um 14. gr. frumvarpsins, nú 13. gr. laganna.

"Hún fjallar um launakjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þeir, sem heima starfa fá að sjálfstöðu laun eftir sömu reglum og aðrir stjórnarráðsmenn. Þeir sem erlendis starfa skulu og fá þessi laun en til viðbótar staðaruppbót eftir því sem dýrtíð segir um á hverjum stað."

Vart verður framhjá því litið að grunnhugmyndin með staðaruppbótum er sú að verið sé að bæta starfsmanni upp þann viðbótarkostnað sem hlýst af því að búa og starfa erlendis auk þess sem um greiðslu er að ræða fyrir óhagræði sem af flutningsskyldunni hlýst fyrir starfsmann og fjölskyldu hans. Í þessu samhengi verður og að líta til ákvæða skattalaga.

Í 30 gr. laga nr. 90/2003 segir m.a.:

"Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

A.

1. Útgjöld að hámarki móttekin fjárhæð ökutækjastyrkja, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

*2. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að. **Staðaruppbót** sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiráðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að."*

Samkvæmt framangreindu gera lög um tekjuskatt ráð fyrir því að staðaruppbætur eigi að ganga til greiðslu á útlögðum kostnaði starfsmanna utanríkisþjónustunnar, enda ekki ætlast til að starfsmaðurinn sýni fram á réttmæti frádráttar eins og almenn meginregla í skattarétti gerir ráð fyrir, heldur er heildarfjárhæð útgreiddra staðaruppbóta frádráttarþær sem byggir væntanlega á því að útreikningur fjárhæða staðaruppbóta telst, samkvæmt skilningi utanríkisráðuneytsins, byggja á hlutlægum mælikvarða. Ekki er því gert ráð fyrir að starfsmaður sem fær staðaruppbót eigi að hagnast á því fjárhagslega. Að þessu leyti verður ekki séð að starfsmenn eigi ótvíræðan rétt á samningsaðkomu um fjárhæð staðaruppbóta og að því leytinu til ekki unnt að gera að því skóna að 13. gr. laga nr. 39/1971 eins og ákvæðið er orðað brjóti gegn ákvæði 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Hins vegar má færa að því rök að það eitt sem fram hefur komið hjá utanríkisráðuneytinu að telja staðaruppbætur ekki til launa nægir ekki eitt og sér til að útiloka það að um umsemjanleg réttindi sé að ræða að því er varðar starfskjör almennt og önnur réttindi tengd vinnu.

Ef litið yrði svo á t.d. af dómstólum að starfsmenn utanríkisráðuneytisins skuli hafa rétt til að semja um tiltekin atriði sem skilgreind hafa verið sem staðaruppbætur sbr. 13. gr. laga nr. 39/1971 og sem getið er um í Fyrirmæla- og leiðbeiningarbók utanríkisráðuneytisins, með vísan til 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, þá gæti sú niðurstaða þýtt að ekki yrði lengur litið á staðaruppbætur sem kostnað heldur sem skattskyldar tekjur.

Með vísan til framangreinds hljóta svör við framangreindum spurningum að byggja á hve víðtækur réttur launþega getur talist til að semja um kjör sín í skilningi 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að um umsemjanleg réttindi geti verið ræða að einhverjum hluta, kann sú niðurstaða að leiða til þess að mun minna hlutfall stæði þá eftir sem skattfrjálsar greiðslur. Það sem talist gæti til umsemjanlegra réttinda í áðurgreindri Fyrirmæla – og leiðbeingabók myndi því færast inn í almennan kjarasamning og um yrði að ræða skattskyld kjör.

4. **Almennir kjarasamningar og staðaruppbætur:** Í 13. gr. laga nr. 39/1971 segir að starfsmenn utanríkisþjónustunnar taki „laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur...”

Spurning: Telur laganefnd BHM að í þessu lagaákvæði felist að kjarasamningar skuli gilda óskertir um kjör starfsmanna utanríkisráðuneytisins á póstum og að til viðbótar þeim skuli greidd staðaruppbót eða er einhver annar skilningur nærtækari?

5. **Kjarasamningsbundin atriði felld brott og talin felast í staðaruppbótum:** Í 9. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er kveðið á um efni kjarasamninga, m.a. að þar skuli kveðið á um föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu, o.fl., sbr. viðkomandi greinar í kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra. Hluti af þeim atriðum sem þar eru nefnd eru ekki virk fyrir útsenda starfsmenn utanríkisþjónustunnar

Spurning: Í framhaldi af spurningu 4. telur laganefnd BHM að utanríkisráðuneytinu sé heimilt með einhliða aðgerð að fella brott kjarasamningsbundin atriði og ákveða að þau séu innifalin í staðaruppbót?

Sérstaklega er óskað eftir afstöðu varðandi þá staðreynd að ekki er greitt fyrir yfirvinnu og að fæðispeningar hafi aldrei verið greiddir á starfstöðvum erlendis.

Svar við spurningum 4 og 5.

Í 13. gr. laga nr. 39/1971 segir að starfsmenn utanríkisþjónustunnar taki laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins en fá að auki greiddar staðaruppbætur. Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum segir eins og áður er komið fram meðal annars svo: „*Þeir sem heima starfa fá að sjálfsögðu laun eftir sömu reglum og aðrir stjórnarráðsmenn. Þeir sem erlendis starfa skulu og fá þessi laun en til viðbótar staðaruppbót eftir því sem dýrtíð segir um á hverjum stað.*“

Í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er sérstaklega tilgreint hvað skuli samið um í kjarasamningi því þar segir: *Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma, þar með talið vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og önnur atriði sem aðilar verða sammála um.* Ekki virðist dregið í efa af hálfu utanríkisráðuneytisins að kjarasamningur Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, gildi fyrir þá starfsmenn sem eru félagsmenn í stéttarfélaginu, hvort sem þeir eru starfandi hér heima eða á starfsstöðvum erlendis. Því verður ekki séð að ráðuneytið geti einhliða ákveðið að fella viss ákvæði sammingsins brott og gildir þá einu hvort um er að ræða greiðslur fyrir yfirvinnu eða umsamda fæðispeninga. Í gr. 1.5.4 í kjarasamningi FHSS við fjármálaráðherra segir að heimilt sé að semja sérstaklega um fasta þóknun fyrir yfirvinnu og í gr. 2.3.8 er vikið að söfnun frídaga fyrir unna yfirvinnu. Hvergi í samningnum er að finna ákvæði þess efnis að vinnuveitanda sé heimilt að afnema greiðslur fyrir vinnu sem unnin er til viðbótar þeim 40 stundum sem kjarasamningur segir að uppfylli vinnuviku starfsmanna í fullu starfi. Í kafla 3.4 er fjallað um fæði og mótuneyti og þar er skýrt kveðið á um að starfsmenn sem ekki hafi aðgang að matstofu skuli fá fæðispeninga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Upphæðin tekur mið af matvörulið í vísitölu neysluverðs og breytist á þriggja mánaða fresti. Ekki eru tilgreind undantekningartilvik frá þessu ákvæði. Í Fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisráðuneytisins, gr. 5.3.2, segir að staðaruppbætur séu flókið samspil útgjaldabátta og ýmissa beinna og óbeinna kvaða og tilfinningabátta sem á starfsmenn leggjast. Þar eru taldir upp helstu þættir sem falla undir staðaruppbætur en þar er ekki vikið einu orði að yfirvinnu né fæðispeningum og því eðlilegt að álykta sem svo að hvorugt sé innifalið í því sem ráðuneytið skilgreinir sem staðaruppbót. Það er niðurstaða laganefndar BHM að utanríkisráðuneytinu sé óheimilt að fella á brott kjarasamningsbundin ákvæði, m.a. um yfirvinnu og fæðispeninga, án samráðs við stéttarfélagið.

- 6. Umboð kjararáðs til að fara með sammingsrétt fyrir félagsmenn FHSS í starfi hjá utanríkisráðuneytinu:** Að kjararáði standa starfsmenn utanríkisráðuneytisins sem skiptast í þrjá starfsmannahópa. Starfsmenn eru félagar í tveimur stéttarfélögum, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) og Félagi starfsmanna stjórnarráðsins (FSS), auk þess sem umtalsverður hluti starfsmanna er ekki í hefðbundnu stéttarfélagi heldur fellur undir ákvörðunarvald Kjaranefndar skv. 8. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og Kjaranefnd. Enginn af ofangreindum aðilum, FHSS, FSS eða Kjaranefnd, hefur tekið þátt í ákvörðunum varðandi staðaruppbætur eða önnur sérstök launakjör útsendra starfsmanna utanríkisráðuneytisins fyrir hönd síns starfshóps. Einnig má efast um að einhver einn af þessum aðilum gæti án aðkomu hinna aðilanna samið um þessi sameiginlegu hagsmunamál allra starfsmannahópanna. Kjararáðið var stofnað til að bregðast við þessum vanda. Á löglega boðuðum fundi félagsmanna FHSS í utanríkisráðuneytinu þann 30. október sl. og í samræmi við útsenda dagskrá fundarins var samþykkt að stefna að stofnun Kjararáðs með þátttöku félagsmanna í FSS og starfsmanna sem falla undir kjaranefnd. Kosnir voru fulltrúar til að sitja í kjararáði. Stéttarfélögin fara með sammingsumboð fyrir sína félagsmenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en heimilt er skv. 2. mgr. að láta aðra aðila (samninganefnd eða fyrirsvarsmann) koma fram fyrir þess hönd við sammingsgerð. Með bréfi dags. 15. desember sl. frá stjórn FHSS og FSS lýstu félögin yfir stuðningi við Kjararáð og staðfestu að þau teldu ráðið vera rétta aðilann til að fara með sammingsrétt fyrir hönd félagsmanna í utanríkisráðuneytinu varðandi sérstök kjara- og hagsmunamál félagsmanna sem ekki falla undir kjarasamninga.

Spurning: Telur laganefnd BHM að framangreind umboð, annars vegar frá fundi félagsmann FHSS og hins vegar frá stjórn FHSS, séu nægjanleg til að Kjararáð geti farið með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna FHSS varðandi áður nefnd sérstök hagsmuna- og kjaramál starfsmanna utanríkisráðuneytisins?

Svar: Í lögum 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir í 4. gr. að stéttarfélag starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga fari með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum þessum og *aðrar ákvarðanir í sambandi við þá*. Þeir sem heyra undir lög um Kjaradóm og Kjaranefnd eru þar undanskyldir, eðli málsins samkvæmt. Í lögum Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins er skýrt tekið fram að félagið fari með umboð félagsmanna í kjarasamningum en þar er ekkert tekið fram um hvernig vali í samninganefnd skuli háttað. Eins og fram kemur hér að ofan er Kjararáði ekki ætlað að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna heldur að semja um sérstök hagsmuna- og kjaraatriði sem einungis varða útsenda starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Þegar eru dæmi um það hjá stofnunum ríkisins að starfsmannafélög sem ekki eru eiginleg stéttarfélag gæti kjaralegra hagsmuna starfsfólks og má í því sambandi nefna Starfsmannafélag Alþingis og Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar. Þá er rétt að benda á að frá því nýtt launakerfi var tekið upp í kjarasamningum ríkisins og aðildarfélaga BHM (og BSRB) árið 1997 hefur markvisst verið unnið að því að draga úr þeim takmörkunum sem miðstýrðir samningar fólu í sér og hefur það meðal annars verið gert með svokölluðum stofnanasamningum. Í nýjasta kjarasamningi FHSS við fjármálaráðherra segir meðal annars að stofnanasamningur sé meðal annars *um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu*. Þar er jafnframt tekið fram að markmið stofnanasamninga sé að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi og að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Í kjarasamningi er því beinlínis hvatt til aukins samstarfs og má til sanns vegar færa að stofnun Kjararáðs sé viðleitni í þá átt. Ekki er um stéttarfélag að ræða heldur samtök hóps sem á sameiginlegra hagsmuna að gæta sem eru óháðir stéttarfélagsaðild eða því hvort viðkomandi séu undir kjaranefnd. Kjararáð útsendra starfsmanna stjórnarráðsins var stofnað á löglega boðuðum fundi og verður ekki annað séð en að það hafi fullt umboð frá þeim aðilum sem að því standa (FHSS, FSS og starfsmönnum sem heyra undir Kjaradóm) til að koma fram fyrir þeirra hönd í viðræðum við ráðuneytið.

Reykjavík, hinn 18. apríl 2006,

f.h. laganefndar BHM

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM

